

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. október 1985.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING**um umferð í Vestmannaeyjum.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

Á sunnanverðri Vestmannabraut frá Skólavegi að Kirkjuvegi er óheimilt að leggja ökutækjum lengur en 30 mínútur á tímabilinu frá kl. 09.00 til kl. 19.00.

Umferð á Bessastígi vikur fyrir umferð á aðliggjandi götum. Á gatnamótum þar sem Bessastígur liggur að: Vallargötu, Boðaslóð, Hólagötu og Brimhólabraut skal setja upp biðskyldumerkið A-6 í samræmi við frammagreinda ákvörðun.

Við umferðareyju á Básaskersbryggju norðan við Skildingaveg er vinstri beygja bönnuð af syðri akrein.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, 3. október 1985.

Jón Ragnar Þorsteinsson, settur.

REGLUGERÐ**um afnám banns við togveiðum á Hornbanka.**

1. gr.

Frá og með 14. október 1985 er felld úr gildi reglugerð nr. 215 31. maí 1985, um bann við togveiðum á Hornbanka.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. október 1985.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.